

Aðalfundur hverfissamtaka Síðuhverfis var haldinn í Síðuskóla mánudaginn 12. júní kl. 20:00

Helga Eymundsdóttir formaður hverfisnefndar setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Sérstaklega bauð hún velkomin Kristján Þór Kristjánsson bæjarstjóra, Dagnýju Harðardóttur skrifstofustjóra ráðhúss og Jón Birgi Gunnlaugsson verkefnastjóra umhverfismála. Helga skipaði Elínu Magnúsdóttur fundarstjóra. Fyrir fundinum lá eftirfarandi dagsskrá:

Skýrsla hverfisnefndar  
Hlutverk hverfisnefnda og tengsl við bæjarráð/bæjarstjórn  
Vistvernd í verki: Jón Birgir Gunnlaugsson verkefnastjóri umhverfismála  
Visthópur í hverfinu segir frá starfi sínu á árinu  
Kosningar

Helga Eymundsdóttir flutti skýrslu hverfisnefndar og skýrði frá þeim málum sem hverfisnefnd hefur sérstaklega unnið frá síðasta fundi samtakanna.

Kristján bæjarstjóri ræddi um hlutverk hverfisnefnda og ítrekaði mikilvægi þeirra til eflingar íbúalýðræðis. Hann taldi þessar nefndir fyrst og fremst vera í þágu íbúanna og geti m.a. verið vettvangur til þess að íta við ýmsum málum og bæta samtakamátt íbúanna.

Jón Birgir sagði frá verkefninu Vistvernd í verki sem er alþjóðlegt umhverfisverkefni fyrir heimili sem Akureyrarbær er þátttakandi í. Hann svaraði líka spurningum fundarmanna um ýmis skipulagsmál í bænum.

Gunnar Þór Gunnarsson sagði frá starfi visthópsins Granna í Síðuhverfi. Það voru íbúar í fimm húsum sem tóku sig saman. Hópurinn fékk leiðbeinanda frá Vistvernd í verki sem mætti á fyrsta fund, færði þátttakendum gögn og aðstoðaði hópinn til að hefja verkefnið. Verkefnið stóð í u.þ.b. tvo mánuði og á þeim tíma fundaði hópurinn sjö sinnum. Á hverjum fundi var rætt um fyrirfram ákveðið efni sem þátttakendur undirbyggðu sig fyrir. Gunnar sagði verkefnið hafa verið bæði gagnlegt og ekki síður skemmtilegt. Það hefði ekki einungis eftir umhverfisvitund þátttakenda heldur einnig félagsvitundina þar sem sumir nágrannanna hefðu lítið þekkt áður. Visthópurinn beindi þeim tilmælum til hverfisnefndar að að beita sér fyrir því að sett verði upp flokkunarmiðstöð í hverfinu.

Fyrir fundinum lá að kjósa nýtt fólk í hverfisnefnd. Dýrleif, Elín, Helga, Ingibjörg og Sigþór óska eftir að ganga úr nefndinni. Elías gefur kost á sér áfram sem aðalmaður. Drífa og Svala gefa báðar kost á sér áfram sem varamenn. Á fundinum gáfu kost á sér sem aðalmenn Hulda Sif Hermannsdóttir og Gunnar Þór Gunnarsson. Fleiri fundarmenn gáfu ekki kost á sér og var því ákveðið að hafa framhaldsaðalfund um miðjan september og ganga frá kosningu tveggja aðalmanna og eins varamanns til viðbótar.

Helga þakkaði fólki fundarsetuna og sleit fundi.

Elín E. Magnúsd.

